

## Athugasemdir við Landskipulagssterfnu (Íslands) 2015-2026

Forsenda þessara athugasemda byggir á reynslu minni sem íbúi í þéttbýli hérlandis og erlendis (16 ár í Danmörku) en einnig hef ég verið nátengdur starfsemi í dreifbýli á lögbýli mínu sem telur nokkur þúsund hektara að stærð á annan áratug. Ég er með kandidatsgráðu í sálfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1985 og MBA nám frá HR 2005. Auk þess hef ég tekið Grænni skóga 1 nám við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Ég hef ásamt sveitungum mínum girt 30 km sameiginlega girðingu, sem nær utan um 12.000 hektara lands og fengið um 2.000 ha eigið eignarland innan hennar í óþökk sauðfjárbænda í og fyrir utan sveitarfélagið. Sveitastjórnin sýndi þessu atvinnuskapandi framtaki engan sérstakan stuðning né bauð samvinnu af neinu tagi, en markmiðið með girðingunni er að efla skógrækt á svæðinu. Án þess að tíunda þær hindranir hér sem ég og við lentum í á ferlinu má lýsa því stuttlega að við mættum engum skilningi neins staðar að við værum (skógar)bændur með okkar starfsemi eins og sauðfjárbændur eru með sína. Þurftum við að leggja í tugmilljóna króna girðingarkostnað til að verjast ágangi búfjár annarra frekar en sem eðlilegt er að þeir girtu sig inni á sínu landi okkur að skaðlausu því þekkt er hvernig lausaganga búfjár fer með beitiland. Á fræðapingi landbúnaðarins fyrir nokkrum árum kom fram að tvílembd ær étur 3-5 kg af fóðri á dag í upb. 3 mánuði, skóga sem aðrar ætar jurtir og gildir sama regla og um kalda borðið á veitingastöðum, maður velur það bezta.

Gæðastýringin í landbúnaði og eftirlitið reyndist með öllu ónýtt til að stemma stigu við þessari stöðu skv. svörum frá MAST. Skrifa ég því af reynslu um uppsetningu á skipulaginu varðandi landsskipulagið að fylgja þarf ítarleg og takmarkandi lagasetning um lausagöngu búfjár og sérstaklega á gjörspilltri náttúru Íslands eftir þúsund ára náttúruvá, skógarhögg og búfjárbreit. Þetta á sérstaklega við á hálendinu og afréttum sem eru að verða þjóðareign allra Íslendinga með þjóðlendulögunum og ber að vernda og friða og ekki líta á hana sem sparnað á fóðurkostnaði einnar fámennustu stéttar landsins miðað við verndargildið í friðuninni. Að því sögðu vind ég mér í athugasemdir við einstaka kafla.

### 1.1.1.

Ég tel óeðlilegt að aðeins sveitarfélögin á miðhálandinu skipuleggi ein landsskipulagið því hálendið er hagsmunamál allra Íslendinga og mikilvægt að burðugu sveitarfélögin komi að því líka því mörg sveitarfélög hafa ekki bara litla burði fjárhagslega heldur líka takmarkaða sýn á framtíðarmöguleikana skv. minni reynslu við að fórna minni hagsmunum fyrir meiri.

### 1.1.2.

Ég tel verulega hæpið að fá bændur (hvaða búgreinar?) og Landgræðsluna til að skipuleggja og hafa samráð um gróðurframvindu á hálendinu. Báðir aðilar eru á vissan hátt vanhæfir til verksins þar sem sérstaklega bændur hafa mikilla hagsmuna að gæta að hafa sem mesta beitarmöguleika og yrðu beggja megin borðsins ef þetta yrði. Á meðan Landgræðsla og

Skógræktin eru tvær stofnanir er jafnræðis ekki nægilega gætt hér. Þetta er eins og að ætla að láta refinn gæta hæsnanna. Hér þurfa að koma óháðir aðilar hagsmunum og stjórnmála til að vinnan verði trúverðug og hallalaus. Það gengur ekki í uppbyggingu á gróðurframvindu að láta sauðfjárþændur nýta beitarhagi á landi Íslenzku þjóðarinnar allrar frekar en að útgerðarfélög fái að veiða afla þjóðarinnar úr sjó gjaldfrjálst. Hætta er á að spilling skapist í slíku umhverfi misskiptingar. Að öðru leiti ber að fagna átaki til að endurheimta flóru og faunu landsins í heild enda er náttúran sterk ef hún fær að vera í friði. Fræbankarnir eru beztu bankar landsins, þar er ekki spilling né má spilla þeim.

### **1.1.3.**

Fagna ber því að vernd komi náttúrunni til góða og án þröngra hagsmuna ýmissar atvinnustarfsemi. Sveitarfélög geta haft ólík sjónarmið og hagsmuni og ættu að láta sig málin varða og samræma upplýsingar og fræðslu um gæði landsins og skapa persónulega ábyrgð allra frá einstaklingum til stærri stjórnsýslueininga og ekki sízt Alþingis. Hér þarf greinilega skýra lagasetningu um umgengni og vernd í reynd sem er virt.

### **1.3.1.**

Ég tel mikilvægt að öll sveitarfélög landsins komi hér að til að gæta jafnræðis og mannréttinda í víðum skilningi.

### **1.4.3.**

Hvet ég til stefnumörkunar með jarðstrengi til raforkuflutnings og lagningu ljósleiðara í leiðinni til að tryggja rekstraröryggi og viðhalda búsetu í hinum dreifðu byggðum. Byggir þetta á persónulegri reynslu.

### **2.2.1.**

Hér kemur fram allt of þröng eða óljós skilgreining á tengslum atvinnuhátta og búsetu. Hér vantar frekari greiningu og skipulagsvinnu á atvinnutilhögun atvinnugreina og háttum til framtíðar. Sem dæmi má taka sauðfjárhald hérlendis sem hefur ekki breytt í eðli sínu í 1200 ár og þarfnast verulegrar hagræðingar til hindra fátæktargildirur sem margir lenda í. Vandinn er skortur á víðtækri lagasetningu til að þvinga fram breytingar á beitarfyrirkomulagi með lausagöngubanni og fella niður beingreiðslur til að þessi matvælaframleiðsla aðlagist betur eðlilegu markaðsumhverfi geirans. Hér er vitlaust gefið á garðann því flest öll önnur atvinnustarfsemi er háð ströngum kvöðum um atvinnuöryggi og umgjörð starfseminnar á meðan lausagangan er nauðsynleg vegna sparnaðar á kostnaði við girðingar. Vegna umferðaröryggis er Vegagerðin síðan látin borga þann kostnað því annars myndi þessi matvælaframleiðsla hverfa að mestu leiti. Hér er 1200 ára vandi enn óleystur og ólíklegt að landsskipulagsáætlun eins vel meint og hún er leysir ekki óvilja á Alþingi til að taka til í

Þessum málum og sízt með bændur sem aðalumsagnaraðilana. Það gæti verið augljóst að leiðin til að leysa svona þróunarvanda er að stýra fjármagni meðvitað til þeirra verkefna og leiða sem talin er hagkvæm til að skapa íbúum viðurværi sem er uppbyggjandi og framtíð í frekar en að gera meira af því sem læsir fólk í óarðbærri tilveru. Eins og kaflinn leggur upp þarf fyrst að skilgreina hvað sé „landbúnaðarland“, er það til matvælaframleiðslu eða nytjaskógræktar, er tízkuorðið matvælaöryggi að hindra aðra í að koma með samkeppnishæfa þróun í búsetuformin og atvinnumálin eins og frístundabyggð en nytjaskógarækt er ekki nefnd þótt hún geti verið næsta stóriðja á Íslandi án mengunar. Nytjaskógræktarsvæði eru líka landbúnaðarland. Hér takast á hagsmunaárekstrar sem þjóðin þarf að takast á við og við Alþingi áður en landsskipulagsstefna er útfærð.

### **2.2.2.**

Dreifbýli og þéttbýli verða að takast á um sambúðina í landinu og skilja þörf hvers annars því samskiptamenningin er mjög ólík. Sýn á mannréttindi í þessum hópum er á vissan hátt ólík og gera þarf búferlaflæðið á milli svæðanna auðveldara til dæmis með reglubreytingum á hugtaki um lögheimili einstaklinga og hjóna.

### **2.3.1.**

Hér endurspeglast mögulega mismunun á möguleikum til atvinnustarfsemi í dreifbýli sbr. matvælaframleiðslu andspænis skógrækt sem stóriðju þar sem hin „ósnortna náttúra landsins“ er í raun gerspillt. Orsakast þetta af því að mannsævin er of stutt til að fólk sjái breytingarnar í umhverfinu og venjast því að viðmiðið er eins og þegar það ólst upp.

### **3.2.2.**

Býður upp á að vald fjöldans kæfi sprotastarfsemi.

### **2.4.1.**

Verður að vera í samráð við hvern landeiganda og sjálfvalda stefnu hans/hennar.

### **2.6.**

Hér kemur fram þröngsýn uppsetning á forsendum því hvergi koma fram forsendur um samgöngur á sjó eða vötnum. Að auki býður þetta upp á möguleikann að skera jarðir í sundur.

## 2.6.2.

Þessar áætlanir þarf að gera í samvinnu við bændur og landeigendur sem eru í skógrækt, nytjaskógrækt, ferðapjónustu o.þ.h. til að eyðileggja ekki starfsemi þeirra.

## 3.2.1.

Stöðugt er verið að klifa á verndun landbúnaðarlands án þess að tilgreina til hvers landbúnaðarlandið sé. Getur þetta bent til að skorts á jafnræði milli atvinnugreina og þróunarmöguleika þar sem ekki er skilgreint hagsmuni hverra er verið að tryggja. Hugtak eins og „matvælaöryggi“ hefur verið fyrirferðamikið að undanfögnu og er algerlega óraunhæft til annars en innanlandsmarkaðar í þeirri fákeppni sem viðgengs hérlandi og enn frekar í opnum viðskiptum matvæla milli landa. Svona staða er aðeins möguleg í lokuðu umhverfi undir vernd sérlaga og er óheft lausaganga búfjár á hálendinu dæmi um það.

## 3.4.1.

Loksins kemur varnagli við stöðnuninni sem hefur verið í dreifbýlinu til að huga að fjölbreytni.

## 4.1.1.

Hér er ekki nefnd kortlagning af hafsbotninum, dýpt, landslag og fl. í kringum Ísland eins og miðhálendið m.a. til að auka öryggi til siglinga og veiða og til að vernda hafsvæði og hrygningarstöðvar.

Hér verð ég að láta staðar numið. Hið almenna er að virða eignarrétt landeigenda og almennings á þjóðlendum. Ótækt er að leyfa fámennum hópum að nýta sér verðmæti og gæði almennings til einkaafnota og fer það gegn jafnræðisreglunni. Á sama hátt er mun heilbrigðara að fara að nýta þjóðlendum sem er almenningseign til skógræktar á völdum stöðum og banna beitarafnot. Það eykur fjölbreytni og verndar náttúruna og eykur líkur á að hún nái sér í upphaflegt form í framtíðinni þó nokkuð langt verði í það að hér vaxi japanskur rauðviður aftur.

Virðingarfyllst,

Lúðvíg Lárusson, kt: 2204472439

Furugerði 6

108 Reykjavík